



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

Keflavík 14. apríl 1986.

107. fundur

skólanefndar F.S. var haldinn í bóknámshúsi skólans við Sunnubraut þann 10. apríl 1986.

Mættir voru: Gunnar Sveinsson, formaður skólanefndar, Hjálmar Árnason, skólameistari, Ingimar Þ. Guðnason, Þórður Ólafsson, Eggert Ólafsson, Bogi G. Hallgrímsson og Helgi Eiríksson, fulltrúi kennara.

Formaður setti fundinn kl. 17:00.

1. Húsnæðismál:

Skólameistari las fundargerð frá sameiginlegum fundi skólanefndar og sveitarstjórnarmanna þann 20. mars s.l. Nokkrar umræður urðu um efni fundargerðarinnar og í framhaldi af því um úrræði til að leysa brýnustu þörf skólans í húsnæðismálum næsta skólaár. Einkum var rætt um möguleika á húsnæði í Holtaskóla og skólanefnd sammála um að skrifa skólanefnd grunnskólans í Keflavík og fara þess á leit að fá 4 kennslustofur til afnota.

2. Kennararáðningar:

Skólameistari lagði fram lista með nöfnum þeirra kennara er óskað hafa eftir endurráðningu við F.S. skólaárið 1986-1987. Farið var yfir listann og eftirfarandi ráðningar samþykktar að tillögu skólameistara:

Alda Jensdóttir, Anna Lea Björnsdóttir, Arnbjörn Jóhannesson, Björn Örvar, Borgþór Arngrímsson 1/2 staða, Gísli Torfason, Guðmundur Björgvinsson mælt með setningu, Guðrún Erla Sigurðardóttir, mælt með skipun, Gunnar Þórarinnsson, Helgi Eiríksson, Kristinn Kristjánsson, Magnús Ó. Ingvarsson, Oddný Harðardóttir, Sigríður Bílddal, mælt með skipun í starf vélritunarkennara, Svanhildur Kjær í 1/2 stöðu, Unnur Þorsteinsdóttir, Þór Stefánsson í 1/2 stöðu, Magnúsi Karlssyni hefur verið veitt launað orlof og kennir því ekki næsta skólaár. Jóhannes Helgason hefur óskað

eftir því að afgreiðslu á stöðu hans verði frestað um hríð. Gunnar Bergmann og Jón A. Valdimarsson, afgreiðslu frestað. Sumarrós Sigurðardóttir, frestað afgreiðslu að eigin ósk. Gizur I. Helgason kemur aftun til starfa í haust að loknu leyfi.

Eftirtaldir kennarar hafa tilkynnt að þeir óski ekki eftir endurráðningu: Jóhannes Ágústsson (viðskiptagreinar), Ólafur Sigurðsson (tölvufræði) og Maðgaret Cormack (enska).

Auglýsa þarf 4 stöður, þ.e. í bókfærslu og viðskiptagreinum, ensku, stærðfræði og tölvufræði.

3. Nýjar brautir við F.S.

Skólameistari talaði fyrir þeim lið umræðna og kvaðst einkum hafa í huga fjórar nýjar námsbrautir vil skólann sem hann hefði viðrað við áhrifamenn á þeim sviðum. Þessar brautir voru: fiskeldisbraut, skipstjórnarbraut, sjúkraliðanám og fósturnám.

Þá kvað hann stjórnarmann Þroskahjálpar á Suðurnesjum, Sigurð Erlendsson hafa rätt við sig um hugsanlegan möguleika á sérnámi er nýst gæti þeim.

Formaður þakkaði skólameistara og var skólnefnd sammála um að sjálfsagt væri að reyna að þoka þessum málum áleiðis.

4. Önnur mál.

Formaður las bréf frá sveitarstjórn Miðneshrepps, sem fjallaði um fjölgun námsbrauta við F.S. Þá las hann bréf frá hreppsnefnd Hafnarhrepps þar sem fjallað var um byggingarþörf F.S.

Skólnefnd fagnaði þeim áhuga og skilningi er fram kom í bréfum þessum.

Skólameistari greindi frá nýjum námsvísi er tæki gildi að nokkru leyti n.k. vetur og að öllu leyti skólaárið 1988-89.

Fleira ekki gert.

Bogi G. Hallgrímsson

Bogi G. Hallgrímsson, ritari.